

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2007 02-2007020453

Alþingi
Erindi nr. P 133/1084
komudagur 19.2.2007

**Umsögn um 54. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um
almannatryggingar.**

Í bréfi dagsettu 12. febrúar 2006 óskar háttvirt heilbrigðis- og trygginganefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, 54.mál yfirstandandi þings.


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almannatryggingalaganna um greiðslu sjúkratrygginga á tannlæknakostnaði hjá börnum og ellilífeyrisþegum.

Af þessu tilefni tekur ríkisskattstjóri fram að það ágæta málefni sem hér um ræðir varðar tæpast verkefni og valdsvið skattyfirvalda.

Þó er þess að geta að niðurgreiðslur og endurgreiðslur almannatrygginga eins og frumvarpið tilgreinir mynda ekki skattstofn hjá móttakanda. Einnig má benda á að í verklagsreglum sem ríkisskattstjóri hefur sett um ívilnanir á grundvelli heimildarákvæðis 65. greinar tekjuskattslaga nr 90/2003 er bent á að grundvöllur sé til lækkunar tekjuskattsstofns þegar tansjúkdómar leiða til kostnaðar sem skerðir gjaldþol skattþegns verulega.

Sem fyrr greinir er þó frumvarpið utan vettvangs skattamála og tekur ríkisskattstjóri því ekki afstöðu til efnis þess sem slíks.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Steinþór Haraldsson